

## Verðmæti seldra framleiðsluvara 2012

### Value of sold production 2012

#### Samantekt

Verðmæti seldra framleiðsluvara árið 2012 var 750 milljarðar króna sem er aukning um 30,4 milljarða króna eða 4,2% frá árinu 2011. Á sama tíma hækkaði vísitala framleiðsluverðs um 1,1% og hefur því verðmæti seldra framleiðsluafurða aukist um 3,1% að raungildi. Framleiðsla málma og framleiðsla á fiskafurðum vega sem fyrr þyngst, þannig nam framleiðsla á fiskafurðum 35,7% af heildarverðmæti árið 2012 og framleiðsla málma 32,7%. Verðmæti seldra framleiðsluvara án fiskafurða og framleiðslu málma nam tæpum 237 milljörðum króna á síðasta ári og jókst um tæpa 21,8 milljarða eða um 10% frá fyrra ári.

#### Iðnaðarskýrslur

##### Um skýrslugerðina

Hagstofa Íslands hefur tekið saman tölur yfir seldar framleiðsluvörur á Íslandi árið 2012. Grundvöllur söfnunar og úrvinnslu upplýsinganna er vöruskrá Evrópusambandsins, PRODCOM, en með henni er hægt að bera saman iðnaðarframleiðslu hérlendis við önnur ríki á Evrópska efnahagssvæðinu. Upplýsingarnar ná yfir magn og verðmæti seldra framleiðsluvara. Þar að auki var safnað upplýsingum um sérhæfðar viðgerðir og uppsetningu vélbúnaðar og tækja sem fellur undir deild 33 samkvæmt Íslenskri atvinnugreinaflokkun, ÍSAT2008.

##### Þátttakendur

Gagnasöfnun nær til þeirra iðnfyrirtækja sem voru með yfir 90% af virðisaukaskattskyldri veltu í hverri deild þeirra atvinnugreina sem eru skilgreindar sem framleiðslugreinar, deildir 08–33 samkvæmt ÍSAT2008. Alls fengu 580 fyrirtæki sent eyðublað til útfyllingar. Fyrirtækjum í fiskvinnslu var ekki send skýrsla þar sem upplýsingar um söluverðmæti fiskvinnslu fengust úr tollskýrslum. Einnig eru notaðar tölur úr útflutningsskýrslum til nálgunar á álframleiðslu og framleiðslu á járnbendi. Alls veittu 335 fyrirtæki fullnægjandi upplýsingar um seldar framleiðsluvörur; 13 fyrirtæki reyndust ekki vera í iðnaðarframleiðslu, en seld framleiðsla annarra fyrirtækja var áætluð út frá veltu samkvæmt virðisaukaskattskýrslum og hliðsjón höfð af starfsemi sambærilegra fyrirtækja sem skiluðu upplýsingum. Velta fyrirtækja sem skiluðu nothæfum upplýsingum er áætluð um 87% af heildarveltu þeirra fyrirtækja sem leitað var til (miðað við veltu vegna iðnaðar starfsemi). Velta þeirra 580 fyrirtækja sem Hagstofa Íslands leitar nú til er áætluð að nemi um 95,5% af heildarveltu fyrirtækja í öðrum iðnaði en framleiðslu fiskafurða og álframleiðslu.

##### Reglur um birtingu talna

Í töflum eru birtar upplýsingar um heildarverðmæti seldrar framleiðsluvöru fyrir hvert tveggja stafa ÍSAT2008 atvinnugreinanúmer. Heildarverðmæti er því næst sundurliðað niður á þriggja til níu stafa PRODCOM-vörunúmer. Verðmæti þeirra vörutegunda sem ekki eru sérstaklega sundurliðaðar er lagt saman og birt undir safnliðnum „Aðrar vörur ótilgreindar annars staðar“.



Reglur Hagstofu Íslands um upplýsingaleynd og trúnað við einstök fyrirtæki koma í veg fyrir birtingu á frekari sundurliðun. Reglur um upplýsingaleynd eiga við þegar færri en þrjú fyrirtæki framleiða tiltekna vöruhegund, þegar eitt fyrirtæki er með yfir 85% hlutdeild í framleiðslu eða þegar tvö fyrirtæki hafa yfir 90% hlutdeild.


### Verðmæti seldrar framleiðslu

3,1% aukning að raungildi

Verðmæti seldra framleiðsluvara var 750 milljarðar króna árið 2012 en var 720 milljarðar króna árið 2011 sem er 4,2% aukning milli ára. Á sama tíma hækkaði vísitala framleiðsluverðs um 1,1% og hefur því verðmæti seldra framleiðsluafurða aukist um 3,1% að raungildi. Eftir atvinnugreinum vegur framleiðsla á matvælum og drykkjarvörum sem fyrr þýngst, nam 364 milljörðum árið 2012 og voru þar af 268 milljarðar vegna framleiddra fiskafurða. Framleiðsla málma var 32,7% af heildarverðmæti árið 2012 og nam rúmlega 245 milljörðum króna. Verðmæti seldra fiskafurða og málma nam samtals rúmum 513 milljörðum árið 2012 eða 68,4% af heildarverðmæti seldra framleiðsluvara árið 2012. Verðmæti seldra framleiðsluvara án fiskafurða og framleiðslu málma jókst um 10% frá fyrra ári, úr 215 milljörðum króna árið 2011 í 237 milljarða króna árið 2012.

### Mynd 1. Verðmæti seldra framleiðsluvara, án framleiðslu málma og fiskafurða 2011 og 2012

Figure 1. Value of sold production, excluding fish production and manufacturing of basic metals 2011 and 2012



Verðmæti útfluttra fiskafurða jókst um 7%

Útflutningsverðmæti framleiddra fiskafurða voru tæpir 268 milljarðar króna árið 2012, sem er rúm 7% aukning frá árinu 2011, en þá voru út sjávarafurðir fyrir tæplega 249 milljarða króna. Á sama tíma jókst magn útfluttra fiskafurða um 17,8%, úr 642 þúsund tonnum árið 2011 í 756 þúsund tonn árið 2012. Útflutnings-

verðmæti framleiddra málma var um 245 milljarðar króna árið 2012 sem er lækkun um 4,1 % samanborið við tæplega 256 milljarða árið 2011.

*Framleiðsla á málmvörum eykst  
að undanskildum vélum og  
búnaði*

Eftir deildum atvinnugreina jókst verðmæti seldra framleiðsluvara hlutfallslega mest í framleiðslu á málmvörum, að undanskildum vélum og búnaði, um rúmlega 3,9 milljarða króna eða 35,4% á milli ára. Verðmæti framleiðslu á öðrum ótöldum vélum og tækjum jókst um 5,9 milljarða á milli ára eða um 34,7% frá fyrra ári. Framleiðsla á efnum og efnavörum; lyfjum jókst um 33,2% á milli ára og nám og vinnsla annarra hráefna úr jörðu um 19,5%. Í framleiðslu á matvælum og drykkjavörum, án fiskafurða, nam aukningin tæplega 5 milljörðum eða 5,5% þar sem verðmæti seldrar framleiðslu jókst úr 90,7 milljörðum árið 2011 í 95,7 milljarð árið 2012.

Milli áráanna 2011 og 2012 varð samdráttur hlutfallslega mestur í framleiðslu á tölvu-, rafeinda- og optískum vörum; rafbúnaði, þar sem verðmæti seldra framleiðsluvara dróst saman um tæplega 1,6 milljarð króna eða um 9,8% samanborið við árið 2011. Framleiðsla málma, dróst saman um tæp 4,1% þar sem verðmæti seldrar framleiðslu lækkaði um tæpa 10,6 milljarða á milli ára.

### **English summary**

The total value of sold production in 2012 amounted to 750 billion ISK, which is an increase of 30.4 billion ISK, or 4.2%, from previous year. At the same time the Producer Price Index increased by 1.1% which means that the total value of sold production increased by 3.1% in real terms. As in previous years, fish products and basic metals have the highest proportion, with fish products accounting for 35.7% of the total value and basic metals for 32.7%. The value of sold production, excluding fish production and manufacturing of basic metals accounted for 237 billion ISK compared to 215 billion ISK in 2011.

**Tafla 1. Heildarverðmæti seldra framleiðsluvara 2011–2012**

Table 1. Value of sold production 2011–2012

		2011		2012	
		Verðmæti, millj. kr Value, mill. ISK	%	Verðmæti, millj. kr Value, mill. ISK	%
<b>Alls Total</b>		<b>719.686</b>	<b>100,0</b>	<b>750.121</b>	<b>100,0</b>
<b>Heildarverðmæti seldrar framleiðsluvara án sjávarafurða og framleiðslu málma</b>					
<b>Total value of sold production excluding fish production and basic metals</b>		<b>215.170</b>	<b>29,9</b>	<b>236.985</b>	<b>31,6</b>
08	Nám og vinnsla annarra hráefna úr jörðu <i>Other mining and quarrying</i>	2.168	0,3	2.590	0,3
10/11	Matvæla- og drykkjarvöruframleiðsla <i>Manufacture of food products and beverages</i>	339.433	47,2	363.595	48,5
	Þar af fiskarafurðir <i>There of fish production</i>	248.729	34,6	267.926	35,7
13	Framleiðsla á textílvörum <i>Manufacture of textiles</i>	3.415	0,5	3.687	0,5
14/15	Framleiðsla á fatnaði, leðri og leðurvörum <i>Manufacture of wearing apparel and leather products</i>	1.524	0,2	1.544	0,2
16	Framleiðsla á við og viðarvörum <i>Manufacture of wood and of products of wood</i>	2.551	0,4	3.027	0,4
17	Framleiðsla á pappir og pappirsvöru <i>Manufacture of paper and paper products</i>	3.281	0,5	3.086	0,4
18	Prentun og fjölföldun upptekins efnis <i>Printing and reproduction of recorded media</i>	9.135	1,3	9.117	1,2
20/21	Framleiðsla á efnum og efnavörum; lyfjum <i>Manufacture of chemicals and chemical products</i>	15.156	2,1	20.193	2,7
22	Framleiðsla á gúmmi- og plastvörum <i>Manufacture of rubber and plastic products</i>	6.725	0,9	7.391	1,0
23	Framleiðsla á vörum úr málmlausum steinefnum <i>Manufacture of other non-metallic mineral products</i>	8.059	1,1	8.745	1,2
24	Framleiðsla málma <i>Manufacture of basic metals</i>	255.786	35,5	245.210	32,7
25	Framleiðsla á málmvörum, að undanskildum vélum og búnaði <i>Manufacture of fabricated metal products, except machinery and equipment</i>	11.057	1,5	14.968	2,0
26/27	Framleiðsla á tölvu-, rafeinda- og optískum vörum; rafbúnaði <i>Manufacture of computer, electronic and optical products; electrical equipment</i>	16.008	2,2	14.439	1,9
28	Framleiðsla á öðrum ótöldum vélum og tækjum <i>Manufacture of machinery and equipment n.e.c.</i>	17.056	2,4	22.968	3,1
29/30	Framleiðsla á farartækjum <i>Manufacture of transport equipment</i>	1.852	0,3	1.920	0,3
31	Framleiðsla á húsgögnum og innréttingum <i>Manufacture of furniture</i>	4.015	0,6	3.954	0,5
32	Önnur framleiðsla <i>Other manufacturing</i>	7.140	1,0	7.613	1,0
33	Viðgerðir og uppsetning vélbúnaðar og tækja <i>Repair and installation of machinery and equipment</i>	15.321	2,1	16.075	2,1

**Tafla 2. Seldar framleiðsluvörur 2012**  
 Table 2. Sold production 2012

Prodcom		Fjöldi		Verðmæti,	
		Eining	fyrirtækja	Magn	millj. kr.
		Units	Number	Quantity	Value, mill. ISK
<b>08</b>	<b>Nám og vinnsla annarra hráefna úr jörðu</b>	•	...	...	<b>2.590,1</b>
<b>10/11</b>	<b>Matvæla- og drykkjarvöruframleiðsla</b>				<b>363.595,5</b>
101111	Nýtt eða fryst nautgripakjöt	kg	10	2.326.429	2.036,3
101112	Nýtt eða fryst svínakjöt	kg	11	858.120	740,1
101113	Nýtt eða fryst lamba- og kindakjöt	kg	10	4.549.207	3.816,1
101115	Nýtt eða fryst hrossakjöt	kg	8	501.598	212,2
101139	Annað nýtt, kælt eða fryst kjöt og innmat	kg	3	6.891.750	164,3
1012	Nýtt eða fryst kjöt af hænsnum og kjúklingum	kg	4	7.789.342	6.224,8
101311	Svínakjöt, reykt saltað eða þurrkað	kg	8	1.002.869	1.214,0
101313002	Lamba- og kindakjöt, reykt, saltað eða þurrkað	kg	8	618.632	744,7
101313009	Annað kjöt, reykt, saltað eða þurrkað	kg	3	94.208	99,4
101314	Pylsur	kg	5	1.546.425	1.856,9
101315150	Aðrar unnar vörur úr dýralifur, s.s. lifrarkæfa og lifrarpaté	kg	5	836.789	289,2
101315450	Unnið kjöt og kjötvörur úr svínakjöti	kg	11	3.003.210	2.583,2
101315850	Unnið kjöt og kjötvörur úr nauta- og kálfakjöti	kg	12	3.104.421	2.727,2
101315951	Unnið kjöt og kjötvörur úr lamba- og kindakjöti	kg	14	2.062.260	2.001,4
101315959	Aðrar unnar vörur úr kjöti eða innmat	kg	9	1.149.757	1.080,5
102011000	Fersk fiskflök og annar beinlaus fiskur	tonn	..	29.150	35.930,1
102012000	Fersk fisklifur og hrogn	tonn	..	113	75,9
102013300	Heilfrystur sjávarfiskur	tonn	..	253.741	53.392,3
102014000	Fryst fiskflök	tonn	..	65.620	40.234,0
102015000	Frystur beinlaus fiskur, t.d. gellur	tonn	..	68.661	26.096,9
102016000	Fryst fisklifur og hrogn	tonn	..	18.222	6.036,9
102021000	Fiskflök, þurrkuð, söltuð eða í saltlegi, en ekki reykt	tonn	..	14.687	8.845,8
102022000	Fin- og grófmalað fiskmjöl og fiskköggjar, hæft til manneldis; fisklifur og hrogn; þurrkuð, reykt, söltuð eða í saltlegi	tonn	..	3.536	3.330,7
102023000	Þurrkaður fiskur, saltaður og ósaltaður; saltaður en óþurrkaður fiskur; fiskur í saltlegi (þó ekki reykt fiskflök)	tonn	..	47.026	32.675,7
102024200	Reyktur lax (einnig í flökum)	tonn	..	107	269,4
102024800	Reyktur fiskur (einnig í flökum) (þó ekki lax og síld)	tonn	..	605	613,7
102025100	Unnar vörur úr laxi í heilu eða stykkjum; þó ekki hakkaður lax	tonn	..	529	616,0
102025200	Unnar vörur úr síld í heilu eða stykkjum; þó ekki hökkuð síld	tonn	..	8	4,8
102025800	Unnar vörur úr öðrum fiski (þó ekki fiskstautar)	tonn	..	8	2,5
102025900	Unnar vörur úr fiski (þ.m.t. pylsur og kæfa úr fiski, jafnblandaður fiskur, unnið mjöl og hakk)	tonn	..	3.424	2.312,3
102026600	Kavíarlíki	tonn	..	656	1.223,6
102031000	Fryst krabbadýr; fryst mjöl og köggjar úr krabbadýrum; hæft til manneldis	tonn	..	1.733	3.004,0
102032000	Frystur hörpudiskur og kræklingur; þurrkaður, saltaður eða í saltlegi	tonn	...	318	167,2
102033000	Aðrir vatnahryggleysingjar: frystir, þurrkaðir eða saltaðir	tonn	..	952	337,0
102034000	Unnar afurðir úr krabbadýrum, lindýrum o.þ.h.	tonn	..	9.741	10.971,1
102041000	Mjöl, gróf- og fín malað, og köggjar úr fiski eða úr krabbadýrum, lindýrum og öðrum vatnahryggleysingjum, óhæft til manneldis	tonn	..	121.270	22.439,1
102042000	Óætar fiskafurðir, þ.á m. fiskur til beitu og föðurs	tonn	..	55.942	1.957,7
1031/1039	Kartöflur unnar og varðar skemmdum / Ávextir og grænmeti unnið og varið skemmdum	kg	5	3.311.538	1.697,1

Tafla 2. Seldar framleiðsluvörur 2012 (frh.)  
Table 2. Sold production 2012 (cont.)

Prodcom		Fjöldi		Verðmæti,	
		Eining	fyrirtækja	Magn	millj. kr.
		Units	Number	Quantity	Value, mill. ISK
104112000	Feiti og olíur og þættir þeirra unnar úr fiski eða sjávarspendýrum (þó ekki efnafræðilega umbreyttar)	tonn	..	58.130	16.876,7
107111000	Nýtt brauð	•	44	..	3.394,8
107112000	Kökur og sætabrauð; aðrar bakarískvörur blandaðar sætuefnum	•	44	..	2.590,5
10721	Tvívökur og kek; geymsluþolið sætabrauð og kökur	•	36	..	1.022,7
1082	Framleiðsla á súkkulaði og sælgæti; kakói	kg	8	3.605.561	3.886,3
108311	Brennt kaffi	kg	3	894.536	1.419,9
1084	Framleiðsla á bragðefnum og kryddi	•	7	..	1.318,8
1091/1092	Húsdýra- og fiskeldisföður; Gæludýraföður	kg	8	81.718.089	7.530,2
1105	Bjór, pilsner og malt	l	5	19.201.069	13.477,7
1107	Vatn og gosdrykkir	l	6	62.932.561	
	Aðrar vörur ót.a.s. (þ.m.t. mjólkurafurðir)				47.531,6
<b>13</b>	<b>Framleiðsla á textílörum</b>		<b>17</b>	<b>..</b>	<b>3.686,6</b>
1394	Kaðlar, seglgarn og fiskinet	•	9	..	2.330,4
	Aðrar vörur ót.a.s.				1.356,1
<b>14/15</b>	<b>Framleiðsla á fatnaði, leðri og leðurörum</b>	•	<b>20</b>	<b>..</b>	<b>1.543,6</b>
<b>16</b>	<b>Framleiðsla á við og viðarörum</b>	•	<b>30</b>	<b>..</b>	<b>3.026,9</b>
<b>17</b>	<b>Framleiðsla á pappír og pappírsvöru</b>	•	<b>6</b>	<b>..</b>	<b>3.086,2</b>
<b>18</b>	<b>Prentun og fjölföldun upptekins efnis</b>	•	<b>34</b>	<b>..</b>	<b>9.116,6</b>
<b>20/21</b>	<b>Framleiðsla á efnum og efnavörum; lyfjum</b>	•	<b>23</b>	<b>..</b>	<b>20.192,5</b>
<b>22</b>	<b>Framleiðsla á gúmmí- og plastörum</b>		<b>23</b>	<b>..</b>	<b>7.390,5</b>
221	Framleiðsla á gúmmívörum	•	3	..	387,5
222	Framleiðsla á plastörum	•	20	..	7.003,1
<b>23</b>	<b>Framleiðsla á vörum úr málmausum steinefnum</b>		<b>28</b>	<b>..</b>	<b>8.745,4</b>
231	Framleiðsla á gleri og vörum úr gleri	•	4	..	1.113,2
236	Framleiðsla á vörum úr steinsteypu, sementi og gifsi	•	12	..	3.010,4
239912/13	Malbik og vörur úr asfalti	•	4	..	2.729,5
	Aðrar vörur ót.a.s.				1.892,3
<b>24</b>	<b>Framleiðsla málma</b>				<b>245.210,3</b>
241012300	Kísiljárn	tonn	1	131.818	21.676,8
244211300	Hreint, óunnið ál	tonn	3	778.255	215.869,4
244223300	Vír úr hreinu áli	tonn	1	24.572	6.869,6
	Aðrar vörur ót.a.s.				794,5
<b>25</b>	<b>Framleiðsla á málmörum, að undanskildum vélum og búnaði</b>	•	<b>99</b>	<b>..</b>	<b>14.967,6</b>
<b>26/27</b>	<b>Framleiðsla á tölvu-, rafeinda- og optískum vörum; rafbúnaði og heimilistækjum</b>	•	<b>23</b>	<b>..</b>	<b>14.438,7</b>
<b>28</b>	<b>Framleiðsla á öðrum ótöldum vélum og tækjum</b>	•	<b>35</b>	<b>..</b>	<b>22.968,4</b>

Tafla 2. Seldar framleiðsluvörur 2012 (frh.)  
 Table 2. Sold production 2012 (cont.)

Prodcom		Eining	Fjöldi	Magn	Verðmæti, millj. kr. <i>Value, mill. ISK</i>
		<i>Units</i>	<i>Number</i>	<i>Quantity</i>	
28	Framleiðsla á öðrum ótöldum vélum og tækjum	•	35	..	22.968,4
29/30	Framleiðsla á farartækjum	•	11	..	1.920,2
31	Framleiðsla á húsgögnum og innréttingum	•	31	..	3.954,0
32	Framleiðsla, ót.a.s.	•	13	..	7.613,2
33	Viðgerðir og uppsetning vélbúnaðar og tækja	•	123	..	16.075,0

**Hagtiðindi Iðnaður**  
**Statistical Series Manufacturing**

98. árg. • 21. tbl.

ISSN 0019-1078

2013:1

ISSN 1670-455X (prentútgáfa *print edition*) • ISSN 1670-4568 (rafræn útgáfa *PDF*)

Verð kr. *Price* ISK 900 • € 7

Umsjón *Supervision* Stefán Sigurðsson • stefan.sigurdsson@hagstofa.is

Sími *Telephone* +(354) 528 1000

Bréfasími *Fax* +(354) 528 1099

upplysadeild@hagstofa.is

© Hagstofa Íslands *Statistics Iceland* • Borgartúni 21a 150 Reykjavík Iceland

Öllum eru heimil afnot af ritinu. Vinsamlegast getið heimildar. *Please quote the source.*

[www.hagstofa.is/hagtidindi](http://www.hagstofa.is/hagtidindi) [www.statice.is/series](http://www.statice.is/series)